

Miðvikudaginn 28. maí 1997.

Nr. 199/1997.

Eri ehf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Framhaldsstefna. Frávísun að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um að vísa frá dómi viðurkenningarkröfum sóknaraðila samkvæmt liðum a og b í síðari framhaldssök, jafnframt því sem skaðabótakröfu sóknaraðila, að fjárhæð 2.340.900 krónur, var vísað frá dómi ex officio. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, höfðaði sóknaraðili málið með héraðsdómsstefnu, birtri 7. maí 1996, til viðurkenningar því, að honum sé óskýlt að hafa eftirlitsmann frá Fiskistofu um borð í skipi sínu, Erik, BA 204, þann tíma, sem skipið er á veiðum á nánar tilgreindu svæði utan íslensku lögsögunnar, Flæmingjagrunni, svo sem nánar er rakið í úrskurðinum.

Með framhaldsstefnu, birtri 5. september 1996, jók sóknaraðili við nýjum kröfuliðum og krafðist til vara viðurkenningar á, að Fiskistofu væri óheimilt að hafa víðtækara eftirlit með fyrrgreindum veiðum skips sóknaraðila en vera myndi varðandi íslensk skip við veiðar innan íslensku lögsögunnar. Þá gerði sóknaraðili kröfu um skaðabætur, að fjárhæð 955.800 krónur, með dráttarvöxtum frá 29. ágúst 1996 vegna kostnaðar, sem hann telur sig hafa haft af dvöl

eftirlitsmanns um borð í skipi sínu, þar til lög nr. 88/1996 um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands tóku gildi 15. júní 1996.

Sóknaraðili jók enn að nýju við fyrri kröfur sínar með framhaldsstefnu, birtri 6. mars 1997. Krafðist hann þá viðurkenningar á því, ef talið yrði, að varnaraðila væri heimilt að hafa eftirlitsmenn um borð í skipi sóknaraðila, að í fyrsta lagi væri óheimilt að krefja sóknaraðila um greiðslu kostnaðar við þetta, og í öðru lagi ætti sóknaraðili rétt á, að varnaraðili greiddi honum þann kostnað, sem hann hefði af þessu eftirliti. Þá gerði sóknaraðili til viðbótar skaðabótakröfu, að fjárhæð 1.385.100 kr., með dráttarvöxtum frá þingfestingardegi framhaldssakar. Í þessari framhaldsstefnu vísar sóknaraðili til þess, að með nýjum lögum og reglugerðum hafi réttarástandi á því sviði, sem mál þetta fjalli um, að nýju verið breytt, og því sé ekki lengur unnt að gera viðurkenningarkröfu vegna tímabilsins fram að gildistöku hinna nýju laga. Vísar hann til laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem tóku gildi um síðastliðin áramót og felldu úr gildi lög nr. 88/1996. Einnig vísaði sóknaraðili til reglugerðar nr. 685/1996 um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni, sem síðar hafi verið breytt með reglugerð nr. 28/1997. Kveðst sóknaraðili því gera kröfu um skaðabætur vegna þess kostnaðar, sem hann telji sig hafa orðið fyrir vegna dvalar eftirlitsmanna um borð í skipi sínu í gildistíð laga nr. 88/1996, þ. e. frá 15. júní 1996, til loka þess árs. Í framhaldsgreinargerð varnaraðila í héraði er krafist frávísunar á framangreindum viðurkenningarkröfum í stefnu 6. mars 1997 með þeim rökum, að engin breyting hafi orðið á réttarástandi varðandi umrætt veiðieftirlit með fyrrgreindum lagabreytingum. Auk þess sé viðurkenningarkrafa undir b-lið óljós og óskýrt mörkuð.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um vísun viðurkenningarkrafna sóknaraðila í a- og b-lið í síðari framhaldssök frá dómi.

Skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð samtals 2.340.900 krónur, er reist á tveimur sundurliðuðum reikningum. Í þeim er gisti- og fæðiskostnaður tilgreindur með ákveðinni fjárhæð á dag, sem miðast við auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 4/1995 um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands. Gjald fyrir starfsaðstöðu og fjarskiptakostnað er hins vegar tilgreint með ákveðinni fjárhæð á

dag án frekari skýringa. Héraðsdómur styður niðurstöðu sína um frávísun á skaðabótakröfu sóknaraðila þeim rökum, að ekki hafi verið gerð tilraun til að gera grein fyrir því tjóni, sem henni sé ætlað að bæta.

Fallast ber á með héraðsdómi, að skaðabótakrafa sóknaraðila sé ekki svo skýr sem æskilegt væri. Hins vegar verður ekki talið, að annmarki á þessum málátílbúnaði sóknaraðila sé slíkur, að ekki megi bæta úr honum við aðalmeðferð málsins í héraði.

Samkvæmt þessu eru ekki næg efni til að vísa skaðabótakröfu sóknaraðila frá dómi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi að þessu leyti og lagt fyrir héraðsdómara að taka skaðabótakröfur sóknaraðila til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkenningarkröfum sóknaraðila, Eri ehf., í a- og b-lið í framhaldssök 6. mars 1997 er vísað frá héraðsdómi.

Að öðru leyti en að framan greinir, er hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar skaðabótakröfur sóknaraðila á hendur varnaraðila, íslenska ríkinu.

Málkostnaður í héraði og kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1997.

1.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 7. maí 1996. Framhaldsstefna var lögð fram 19. september 1996 og önnur framhaldsstefna 6. mars 1997.

Stefnandi er Eri ehf., kt. 641095-2579, Síðumúla 34, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið.

Úrlausnarefni úrskurðar þessa er frávísunarkrafa stefnda, sem var tekin til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. þessa mánaðar.

2.

Krafa stefnanda í frumsök er um, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda sé óskyldt að hafa eftirlitsmann frá Fiskistofu um borð í ms. Erik, BA-204, þann tíma, sem skipið er að veiðum á deilivæði, merktu 3M

(„Flæmska hattinum“), skv. viðauka III við samning um framtíðarsamvinnu ríkja um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem undirritaður var í Ottawa 24. október 1978 („NAFO-samninginn“). Annars vegar er til þess vísað, að ákvæði 3. og 4. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 676/1995 um eftirlitsmenn um borð í skipum, sem var sett með heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 34/1976 um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, hafi ekki fullnægjandi stöð í lögum til að geta talist gild með vísun til krafna stjórnskipunarlaga um jafnrétti borgara fyrir lögum, sjá 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sbr. einnig lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og lög nr. 54/1992 um fullvinnslu botnfisksafla um borð í veiðiskipum. Í annan stað er vitnað til þess, að það fari gegn þeirri vernd, sem felist í 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, að skylda stefnanda til að hýsa eftirlitsmenn ríkisins um borð í skipi sínu á þann hátt, sem hin umdeildu reglugerðarákvæði ákveði.

Samkvæmt hinni fyrri framhaldsstefnu, sem fram var lögð, áður en greinargerð hafði verið skilað af hálfu stefnda, er þess í fyrsta lagi krafist til viðbótar við fyrri dómkröfu og til vara, að viðurkennt verði með dómi, að Fiskistofu sé óheimilt að hafa víðtækara eftirlit með þessum veiðum skipsins en heimilt sé að hafa með veiðum íslenskra skipa innan íslensku lögsögunnar. Í öðru lagi var gerð krafa um greiðslu á 955.800 kr. með dráttarvöxtum frá 29. ágúst 1996 til greiðsludags.

Í framhaldssök þessari er vísað til þess, að eftir höfðun málsins hafi verið sett lög nr. 88/1996 um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands. Af hálfu stefnanda sé ekki talið, að þau lög veiti stefnda viðhlítandi heimild til þess að hafa eftirlitsmann frá Fiskistofu um borð í skipi stefnanda. Hvað sem öðru líði, megi ekki vegna reglna íslenskrar stjórnskipunar um jafnrétti borgara fyrir lögum samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, gera útgerðum úthafsveiðiskipa að sæta þungbæra eftirliti með veiðum en gildi um veiðar innan lögsögunnar. Þess vegna sé haldið fast við viðurkenningarkröfuna, sem gerð hafi verið í frumstefnu, en við hana síðan aukið framangreindri varakröfu, og taki viðurkenningarkröfurnar til tímabilsins eftir setningu laga nr. 88/1996. Vegna setningar laga þessara sé rétt að gera kröfu um skaðabætur vegna þess kostnaðar, sem stefnandi hafi haft af dvöl eftirlitsmanna um borð í ms. Erik, BA-204, þar til þau hafi gengið í gildi 15. júní 1996 (gildistökudagur 14. júní 1996, – innskot dómara).

Með hinni síðari framhaldsstefnu var í viðbót við fyrri dómkröfur í fyrsta lagi bætt við eftirfarandi viðurkenningarkröfum: Telji dómurinn, að stefnda sé heimilt að hafa eftirlitsmenn um borð í skipi stefnanda, hvort sem er um

lengri eða skemmri tíma í senn eða viðvarandi, meðan skipið er að veiðum, er krafist viðurkenningardóms um, að a) óheimilt sé að krefja stefnanda um greiðslu kostnaðar við þetta, og b) stefnandi eigi rétt á, að stefndi greiði honum þann kostnað, sem hann hefur af þessu. Í öðru lagi var gerð krafa á hendur stefnda um greiðslu á 1.385.100 kr. með dráttarvöxtum frá þingfestingardeggi framhaldssakar þessarar, 6. mars 1997, til greiðsludags.

Stefnandi vísar til þess, að eftir þingfestingu fyrri framhaldssakar hafi lög nr. 34/1976 og lög nr. 88/1996 verið felld úr gildi með lögum nr. 151/1996, sem tekið hafi gildi 1. janúar 1997 (gildistökudagur 30. desember 1996, – innskot dómara). Jafnframt hafi 28. desember 1996 verið sett reglugerð nr. 685/1996, sem síðar hafi verið breytt með reglugerð nr. 28/1997, um úthlutun veiðiheimilda á Flæmingjagrunni. Með þessum lagabreytingum hafi enn að nýju verið breytt réttarástandinu á því sviði, sem um sé fjallað í málinu. Þetta valdi því, að ekki sé lengur unnt að gera viðurkenningarkröfu vegna tímabilsins fram að gildistöku hinna nýju laga. Því sé í framhaldssök þessari gerð krafa um skaðabætur vegna þess kostnaðar, sem stefnandi hafi haft af dvöl eftirlitsmanna um borð í ms. Erik, BA-204, í gildistíð laga nr. 88/1996, frá 15. júní 1996 til loka þess árs.

3.

Frávísunarkrafa stefnda tekur til framangreindra viðurkenningarkrafna, sem gerðar voru í síðari framhaldssök undir staflíðum a og b. Fyrir kröfunni er fram færður svofelldur rökstuðningur:

Um þau atriði, sem kröfur þessar taka til, telur stefndi, að engin breyting hafi orðið á réttarástandinu með setningu laga nr. 151/1996 frá því, sem kveðið var á um í lögum nr. 88/1996. Ákvæði 8. gr. laga nr. 151/1996 eru efnislega og nánast orðrétt samhljóða ákvæðum 1. gr. laga nr. 88/1996. Að því er varðar skyldu útgerðar til greiðslu kostnaðar við veiðieftirlit, er sú breyting ein gerð, að greiða ber gjaldið mánaðarlega eftir á í stað árlega eftir á. Viðurkenningarkrafa stefnanda undir b-lið er að auki óljós og óskýrt mörkuð um það, hvaða kostnað átt er við eða hvernig hann skuli ákveðinn. Í aðfararkröfu reiknar stefnandi kostnað miðað við hótilverð, sem er nær tífalt herra en reiknaðir fæðispeningar samkvæmt kaupskrá Landssambands íslenskra útvegsmanna. Í viðurkenningarkröfunni skilgreinir stefnandi ekki, hvernig kostnaður skuli reiknaður. Telur stefndi þessa kröfugerð stefnanda ekki fullnægja skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991, og beri einnig af þeim sökum að vísa henni frá. Stefndi bendir einnig á, að kröfur stefnanda í fyrri framhaldsstefnu um greiðslu kostnaðar taki yfir tímabil, sem hafi hafist fyrir útgáfu frumstefnu, og að krafa um greiðslu

kostnaðar í síðari framhaldsstefnu taki yfir tímabil, sem hefjist, áður en fyrri framhaldsstefna var gefin út. Um lagarök fyrir frávísunarkröfu á viðurkenningarkröfum stefnanda er af hálfu stefnda vísað til 29. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. einnig meginreglu 5. mgr. 101. gr. og ákvæði 80. gr. sömu laga.

Stefndi krefst að öðru leyti sýknu af kröfum stefnanda, en til vara stórfelldrar lækkunar á skaðabótakröfu hans.

Af hálfu stefnanda eru gerðar þær kröfur, að synjað verði frávísunarkröfu stefnda og að hann verði dæmdur til greiðslu hæfilegs málskostnaðar í þessum þætti málsins.

4.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 151/1996 um gjald fyrir veiðieftirlit er samhljóða samsvarandi ákvæði 1. gr. laga nr. 88/1996 um það, sem hér skiptir máli. Samkvæmt því verður það metið stefnanda til vanrækslu að hafa ekki haft uppi viðurkenningarkröfu þá, undir staflið a, sem stefndi krefst frávísunar á, þegar með hinni fyrri framhaldsstefnu, og breytir í því efni engu, þótt stefnandi hafi síðan hagað kröfugerð, að því er lýtur að tímamarki viðurkenningarkrafna, svo sem raun ber vitni með hinni síðari framhaldsstefnu. Er fallist á kröfu stefnda um, að vísa beri kröfu þessari frá dómi með vísun til 29. gr. laga nr. 91/1991.

Ákvæði 8. mgr. 8. gr. laga nr. 151/1996: „Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu, meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð“, – er óbreytt frá því, sem fyrir var mælt í 7. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1996, og efnislega samhljóða ákvæðum 3. mgr. og 4. mgr. 8. gr. reglug. nr. 676/1995. Efnisdómur um skaðabótakröfu stefnanda leiðir til þess, að hann hefur ekki lögvarða hagsmuni af dómi um viðurkenningarkröfu undir staflið b í hinni síðari framhaldssök. Aðalviðurkenningarkrafa stefnanda er studd þessum rökum: „Má ætla, að almennt verði að gera þá kröfu til fyrirkomulags löggæslu og eftirlits, að ríkið standi straum af kostnaði við þessa stjórnýslu með skatttekjum sínum, sem eftir atvikum kann þó að vera sérstaklega aflað hjá öllum þeim, sem eftirliti sæta eftir almennri reglu. Að öðrum kosti verður ekki tryggt, að þeir verði jafnir fyrir framkvæmd laganna.“ Það verður metið stefnanda til vanrækslu að hafa ekki haft uppi viðurkenningarkröfu þá undir staflið b, sem stefndi krefst frávísunar á, þegar með frumstefnu, og breytir í því efni engu, þótt stefnandi hafi síðan hagað kröfugerð, að því er lýtur að tímamarki viðurkenningarkrafna, svo sem raun ber vitni með hinni síðari framhaldsstefnu. Er fallist á kröfu stefnda um, að vísa beri kröfu þessari frá dómi með vísun

til 29. gr. laga nr. 91/1991. Að auki er fallist á rök stefnda fyrir því, að kröfugerð stefnanda sé svo óljós og óskýrt mörkuð, að hún fullnægi ekki skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991, svo að vísa beri kröfunni frá dómi einnig af þeim sökum.

Skaðabótakrafa stefnanda nemur 2.340.900 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 955.800 kr. frá 29. ágúst 1996 til 6. mars 1997, en af 2.340.900 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Krafan er samkvæmt tveimur reikningum stefnanda, reikningi, dags. 13. júní 1996, sem var sendur sjávarútvegsráðuneytinu 29. júlí 1996, að fjárhæð 955.800 kr., og reikningi, dags. 31. desember 1996, að fjárhæð 1.385.100 kr. Báðir reikningarnir hljóða annars vegar um fæði og gistingu fyrir eftirlitsmann Fiskistofu um borð í ms. Erik, BA-204, og hins vegar um starfsaðstöðu og fjarskiptakostnað. Um fæðis- og gistikostnað er í báðum tilvikum tekið fram, að fjárhæð hans, 7.100 kr. á dag, sé miðuð við auglýsingu ferðakostnaðarnefndar ríkisins nr. 4/1995, en gjald fyrir starfsaðstöðu og fjarskiptakostnað, 1000 kr. á dag, er án skýringar.

Dagafjöldi samkvæmt fyrri reikningnum er 118 í þremur veiðiferðum árið 1996: 1) 12/2 – 26/3, 2) 4/4 – 8/5, 3) 10/5 – 17/6.

Dagafjöldi samkvæmt síðari reikningnum er 171 í fimm veiðiferðum árið 1996: 1) 20/6 – 29/7, 2) 2/8 – 3/9, 3) 5/9 – 10/10, 4) 13/10 – 19/11, 5) 23/11 – 19/12.

Stefnandi hefur lagt fram tvo reikninga frá Fiskistofu vegna kostnaðar við veiðieftirlit árið 1996. Reikningur, dags. 24. september 1996, er að fjárhæð 566.386 kr. vegna 35 daga: 25/6 – 29/7. Reikningur, dags. 1. febrúar 1997, er að fjárhæð 1.984.264 kr. vegna 126 daga: 1) 2/8 – 22/8, 2) 23/8 – 3/9, 3) 6/9 – 10/10, 4) 19/10 – 19/11, og 5) 24/11 – 19/12.

Það misræmi um dagafjölda, sem fram kemur í framangreindum gögnum, annars vegar frá stefnanda, en hins vegar frá Fiskistofu, kynni að skýrast við frekari dómsmeðferð.

Af hálfu stefnda hefur verið vakin athygli á því, að auglýsing nr. 4/1995 um dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands, sem stefnandi styður skaðabótakröfu sína við, sé fyrir gistingu og fæði á hóteli, en auk þess sé krafa um greiðslu fyrir starfsaðstöðu og fjarskiptakostnað án sérstaks rökstuðnings. Bent er á, að samkvæmt kaupskrá Landssambands íslenskra útvegsmanna nr. 1/1996, sem við sé miðað í kjarasamningum milli samtaka sjómanna og útgerðarmanna, séu reiknaðir fæðispeningar í því tilfelli, sem mál þetta snúist um, 726 kr. á dag. Með bréfi sjávarútvegsráðuneytisins til stefnanda, dags. 9. janúar 1996, var bent á, að teldi útgerð það við hæfi, gæti hún gert Fiskistofu hæfilegan reikning fyrir fæðiskostnaði

eftirlitsmanns, þar sem ekki væri í reglug. nr. 676/1995 kveðið á um greiðsluskyldu útgerða að því leyti. Af hálfu stefnda er ítrekað, að Fiskistofa sé reiðubúin að greiða hæfilegan reikning fyrir fæðiskostnað eftirlitsmanns.

Með vísun til þess, sem greinir hér að framan, er skaðabótakrafa stefnanda sett fram, án þess að tilraun sé gerð til að gera grein fyrir því tjóni, sem henni er ætlað að bæta. Við svo búið varð raunhæfum vörnum ekki við komið. Af þessu leiðir, að viðhlítandi grunn skortir fyrir því, að dómur verði lagður á kröfu þessa. Ber samkvæmt þessu að vísa kröfunni frá dómi af sjálfsdáðum.

Málkostnaður verður ekki ákvarðaður í þessum þætti málsins.

Héraðsdómararnir Sigurður Hallur Stefánsson sem dómsformaður, Helgi I. Jónsson og Páll Þorsteinsson kveða upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenningarkröfum stefnanda samkvæmt stafliðum a og b í hinni síðari framhaldssök og skaðabótakröfu hans, að fjárhæð 2.340.900 krónur, er vísað frá dómi.
